

REGLUGERÐ

um takmarkanir og bann veghaldara við umferð vélknúinna ökutækja um stundarsakir vegna loftmengunar.

1. gr.

Markmið og gildissvið

Markmið þessarar reglugerðar er að draga úr skaðlegum áhrifum loftmengunar frá umferð á vegum á heilsu manna og umhverfi.

Reglugerðin gildir um tímabundnar takmarkanir og bann veghaldara við umferð vélknúinna ökutækja, skv. 2. og 3. mgr. 85. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, um stundarsakir á vegi eða svæði þegar loftmengun er yfir heilsufarsmörkum eða hættu er talin á að svo verði.

2. gr.

Takmörkun eða bann við umferð

Sveitarstjórn, eða Vegagerðinni, þegar um þjóðveg er að ræða, er heimilt að takmarka eða banna umferð um stundarsakir á vegi eða svæði þegar loftmengun er yfir heilsufarsmörkum eða talin er hættu á að svo verði. Til grundvallar slíku banni skal liggja fyrir mat viðkomandi heilbrigðisnefndar og rökstuðningur fyrir takmörkun umferðar vegna mengunar, studdur mæliniðurstöðum eða mengunarspám Umhverfisstofnunar eða heilbrigðiseftirlits viðkomandi sveitarfélags.

Upplýsingar um takmarkanir eða bann skv. 1. mgr. skal gefa til kynna með umferðarmerkjum og auglýsingum á opinberum vettvangi, svo sem á vefsetri Vegagerðarinnar eða sveitarfélags eða með öðrum tryggum hætti.

3. gr.

Forsendur fyrir beitingu úrræða

Takmörkun eða banni skv. 2. gr. má því aðeins beita að niðurstöður mælinga eða mengunarspár sýni með óyggjandi hætti fram á að mengun sé eða muni verða hættuleg heilsu manna á þeim tíma sem gert er ráð fyrir að takmörkun eða bann standi yfir og ef talið er að aðrar vægari aðgerðir á borð við gatnahreinsun eða rykbindingu muni ekki koma að gagni til að halda loftmengun undir viðmiðunarmörkum skv. 2. mgr. 4. gr. Þá skal skulu slíkar takmarkanir aðeins taka til þeirra svæða eða vega þar sem loftgæði eru eða munu verða hættuleg heilsu manna vegna mengunar frá umferð skv. niðurstöðum mælinga eða mengunarspáa.

4. gr.

Heimil tímabundin úrræði

Heimilt er að beita eftirfarandi tímabundnum úrræðum sbr. 2. gr.:

- bann við umferð ökutækja yfir 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd,
- bann við umferð ökutækja með tilteknum endatölum eða endabókstöfum í skráningarmerki,
- breytingu á hámarkshraða,
- takmörkun á umferð ökutækja sem knúin eru tilteknum mengandi aflagjöfum eða;
- bann við umferð ökutækja á negldum hjólbörðum.

Eftirfarandi mæligildi eða spágildi skal skulu höfð til viðmiðunar við mat á því hvort loftmengun sé yfir heilsufarsmörkum eða líkur séu á að svo verði:

- 50 $\mu\text{g}/\text{m}^3$ að því er varðar sólarhringsmeðaltal á grófu svifryki (PM_{10})
- 25 $\mu\text{g}/\text{m}^3$ að því er varðar sólarhringsmeðaltal á finu svifryki ($\text{PM}_{12.5}$)
- 200 $\mu\text{g}/\text{m}^3$ að því er varðar klukkustundarmeðaltal niturdoxíðs (NO_2)

Úrræði skv. liðum a-e í 1. mgr. skulu ekki taka til umferðar almenningssamgangna, leigubifreiða, akstursþjónustu fatlaðra, lögreglu, sjúkrafreiða eða slökkvibifreiða. Úrræði skv. liðum b, d og e í 1. mgr. skulu ekki taka til handhafa stæðiskorta hreyfihamlaðra.

5. gr.
Samráð

Ákvörðun um beitingu úrræða skv. 2. gr. skal tekin í samráði við viðkomandi lögreglustjóra.

Þegar um veg eða svæði er að ræða sem tengir tvö eða fleiri sveitarfélög saman skal ákvörðun um takmörkun eða bann við umferð vélknúinna ökutækja skv. 2. gr. tekin í samráði viðkomandi sveitarfélaga og eftir atvikum Vegagerðarinnar.

7. gr.
Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 85. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, . xxxx 2021.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.